

Úr fundargerð: Ár 2008, þriðjudaginn 9. september kl. 14.00 var haldinn 13. fundur umhverfis- og samgönguráðs

Kársnes – skipulagsbreyting.

Lagt fram bréf Skipulags- og byggingasviðs dags. 28. ágúst 2008, ásamt fylgiskjölum.

Lögð fram umsögn Umhverfis- og samgöngusviðs dags. 9. september 2008.

Samþykkt að vísa málinu aftur til Umhverfis- og samgöngusviðs og þess óskað að umsögninni verði breytt til samræmis við umræður á fundinum. Formaður lagði fram svohljóandi bókun:

„Vegna umsagnar um breytingar á Svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins vill umhverfis- og samgönguráð ítreka verulegar áhyggjur af umhverfisáhrifum þessarar framkvæmdar eins og vel eru tíundaðar í umsögn sviðsins. Umhverfis- og samgönguráð vill að skýlaus krafa sé gerð um að mat umhverfisáhrifum framkvæmda verði framkvæmt því að skipulagsbreytingin felur í sér veruleg umhverfisáhrif og kallar því á vöktun áhrifa sbr. 6 gr. laga um umhverfismat áætlana. Að auki harmar umhverfis- og samgönguráð að uppfyllingar á Kársnesi séu í fullri framkvæmd áður þó að lögformlegt ferli sé vart hafið.“ Bókunin var samþykkt samhljóða.